



JAFNRÉTTISRÁÐ

„Þetta reddast“

Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir
2014

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fæðingarorlof	4
Umönnun að loknu fæðingarorlofi.....	7
Jafnréttisorðræðan.....	9
Fjárhagurinn	10
Einstæðar mæður.....	12
Þetta reddast!.....	12
Niðurstöður	14
Heimildaskrá.....	15

Inngangur

Í þessari grein mun ég fjalla um niðurstöður rannsóknar minnar á svokallaðri umönnunargjá á Íslandi og áhrifum hennar á foreldra ungra barna. Ýtarlegri umfjöllun er í mastersritgerð minni sem er aðgengileg á slóðinni:

<http://lup.lub.lu.se/luur/download?func=downloadFile&recordId=4054021&fileId=4054024>

Frá áttunda áratug 20. aldar hafa Norðurlöndin markvisst reynt að vinna að auknu jafnrétti milli kynjanna. Löndin hafa beitt mismunandi aðferðum en markmiðið hefur verið það sama, aukið jafnrétti bæði á heimilum og á vinnumarkaðnum. Norðurlöndunum hefur gengið vel miðað við önnur lönd þegar kemur að auknu jafnrétti kynjanna og Ísland hefur verið í fyrsta sæti í jafnréttismælingum World Economic Forum í fimm ár í röð (World economic forum. The global gender gap report 2013). En jafnvel þótt Norðurlöndunum hafi gengið vel í baráttunni fyrir auknu jafnrétti þá hafa ákveðnar vísbendingar um stöðnun komið fram á nýrri öld (Gíslason og Holter, 2007). Fæðingarorlof og opinber umönnun barna hafa verið mikilvægir liðir í að auðvelda mæðrum að taka þátt í atvinnulífinu, en það hefur ekki tekist að auka þátttöku feðra í umönnun barna í jafn ríkum mæli og þátttöku kvenna í launavinnu. Á síðustu árum hefur sjónum verið beint að þessum þætti í ríkari mæli og markvist reynt að auka þátttöku feðra í umönnun barna sinna.

Árið 2000 tók Alþingi þá ákvörðun að lengja fæðingarorlof um þrjá mánuði í áföngum og að þessir þrjú mánuðir skyldu vera eyrnamerkir föðurnum. Þetta þýddi að fæðingarorlofið var orðið níu mánuðir þar sem þrjú mánuðir voru „eyrnamerkir“ föður, þrjú móður og þremur mega foreldrar skipta að vild. Þetta var í fyrsta skipti í heiminum sem fæðingarorlof var þrískipt á þennan hátt. Breytingarnar fengu mjög góðar undirtektir og íslenskir feður fóru frá því að taka út aðeins 2,9% af fæðingarorlofinu fyrir breytingu í það að taka út 31,7% af heildar fæðingarorlofinu eftir breytingu. Íslenskir feður taka nú út hlutfallslega lengst fæðingarorlof feðra á Norðurlöndunum (Nordisk statistisk ársbok 2012). Markmiðið með þrískiptingu fæðingarorlofsins var að auka þátttöku feðra í umönnun en einnig að auka jafnrétti á vinnumarkaði (Lög nr. 95/2000).

Eftir sem áður er Ísland með stysta fæðingarorlofið á Norðurlöndum og foreldrar geta yfirleitt ekki vænst þess að fá leikskólapláss fyrir en barnið er 18 til 24 mánaða gammalt (Hagstofan). Dagforeldrar taka á móti börnum frá sex eða níu mánaða aldri en það er misjafnt hversu ungum börnum þau taka á móti. Dagforeldrar starfa sjálfstætt en foreldrar fá niðurgreiðslu kostnaðar frá sveitarfélögum með hverju barni. Niðurgreiðslurnar eru misháar eftir

sveitarfélögum en hjá langflestum er mun dýrara að vera með barnið sitt hjá dagforeldri en á leikskóla og sveitarfélögin tryggja ekki pláss hjá dagforeldrum. Dagforeldrar ráða sjálfir hvaða börnum þeir taka á móti. Þetta þýðir að á Íslandi er stór umönnunargjá frá því að fæðingarorlofi lýkur, eftir níu mánuði, þar til barnið fær pláss á leikskóla. Þetta er tímabil í lífi barnsins þar sem íslensk stjórnvöld tryggja ekki neina umönnun hvorki með fæðingarorlofi eða opinberri umönnun og foreldrar verða sjálfir að brúa þessa gjá. Hin Norðurlöndin tryggja öll umönnun barns að fæðingarorlofi loknu.

Það liggur ákveðinn kerfislægur breytingakraftur í jafnri skiptingu á fæðingarorlofi sem eykur valmöguleikana fyrir bæði kyn. Ef konur og karlar eru jafn lengi í burtu frá vinnu í sambandi við barneignir, þá hverfa ástæðurnar fyrir því að vera með einn vinnumarkað fyrir konur sem taka fæðingarorlof og eru heima með veik börn og annan vinnumarkað fyrir karla sem vinna fulla vinnu og eru aldrei í burtu til þess að sjá um börn. Á Norðurlöndunum hafa foreldrar ákveðinn valmöguleika þegar kemur að því hvernig þau kjósa að deila fæðingarorlofinu en Ísland, Svíþjóð, Noregur og Finnland eru öll með ákveðinn, en misjafnlega langan eyrnamerkta hluta. Rannsóknir sýna að þeir feður sem taka þátt í umönnun barna sinna strax á fyrsta ári, taka meiri þátt í umönnun þeirra alla ævi og fleiri og fleiri rannsóknir sýna að það hefur jákvæð áhrif á börn að feður þeirri taki þátt í umönnuninni (Gíslason, 2010). Auk fæðingarorlofs hefur aðgangurinn að opinberri umönnun barna verið lykilþáttur í aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Opinber umönnun barna þróaðist seinna á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum en þrátt fyrir þetta er atvinnuþátttaka íslenskra mæðra jafn há og á hinum Norðurlöndunum og íslenskar konur eignast fleiri börn en konur á hinum Norðurlöndunum (Eydal, 2008).

Með bakgrunn í femínískum kenningum má ganga útfrá því að það sé sterkt samband milli velferðarríkisins, vinnumarkaðar og fjölskyldunnar og að þessar stofnanir hafi mikil áhrif á samskipti kynja og félagslega stöðu einstaklinga. Velferðarríkið ákveður ekki bara hvað sé umönnun heldur líka hvort umönnun eigi að vera launuð eða ekki. Í dag eru mörg launuð umönnunarstörf sem áður voru unnin ólaunuð á heimilum og þóttu vera einkamál fjölskyldunnar. Velferðarríkið er ein mikilvægasta ástæðan fyrir háu hlutfalli kvenna á vinnumarkaðnum og möguleikar kvenna til að mynda fjölskyldu og vera virkar á vinnumarkaði er líklega ein af ástæðunum fyrir hárríkjum á Norðurlöndunum.

Í dag er fólk almennt meðvitað um kynjað óréttlæti og reynir að koma í veg fyrir það, en þó fólk segi sjaldan að karlar séu hentugri eða betri í t.d. stjórnunarstöður þá lítur samfélagið samt út eins og að það sé sú ímynd sem sé ríkjandi. Í mörg ár hefur sú ímynd að konur séu

betri en karlar í að hugsa um börn verið sterk í samfélaginu. Samfélagið er ekki byggt upp þannig að konur og karlar eignist börn á sama grundvelli og það skiptir miklu máli fyrir möguleika þína á öllum sviðum hvort þú ert mamma eða pabbi.

Markmiðið með rannsókninni var að reyna að skilja hvernig íslenskir foreldrar brúa umönnunargjána og skoða hvaða áhrif gjáin hefur á atvinnuþátttöku foreldra en einnig hvað það er sem hefur áhrif á ákvarðanir foreldra um brúun gjárinnar og hvaða áhrif umönnunargjáin hefur á jafnréttismarkmið fæðingarorlofsins.

Rannsóknin er unnin með eigindlegum og megindlegum aðferðum. Eigindlegi hlutinn er byggður á 15 viðtölum við 12 pör, tvær einstæðar mæður og eina gifta móðir en maðurinn forfallaðist. Að viðtölunum loknum var ég farin að sjá ákveðin munstur og ákvað því að leggja eina spurningu í spurningavagn hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til þess að sjá hvort þetta munstur ætti við fleiri en bara þann hóp sem ég hafði tekið viðtöl við. Þar voru foreldrar spurðir hvaða aðferðir þau hefðu notað til að brúa bilið. Niðurstöðurnar voru í samræmi við niðurstöðurnar úr eigindlega hlutanum.

Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir
Félagsfræðingur
Malmö, Svíþjóð
Nóvember 2013

Fæðingarorlof

Það var greinilegt á því hvernig foreldrar töluðu um fæðingarorlofið, að þetta var ábyrgðarsvæði mæðranna, það voru yfirleitt þær sem voru með allt á hreinu varðandi orlofstímann og mundu t.d. mun betur hvernig foreldrarnir hefðu hagað hlutunum.

Katrín: Sko hérna með eldri stelpuna þá tók ég mína 6 mánuði og dreifði þeim á 9 mánuði og Óli tók allt sitt nema tvær vikur, manstu ekki við tókum alveg allt sumarið saman.

Það voru yfirleitt mæðurnar sem tóku allan sameiginlega hlutann af fæðingarorlofinu og þær vildu yfirleitt vera heima lengur en í sex mánuði svo þær dreifðu fæðingarorlofinu yfir fleiri mánuði gegn lægri greiðslu.

Mía: Sko ég vildi helst vera heima í ár af því að mér fannst rosalega ungt að fara 6 mánaða eins og ég gerði með fyrsta barnið.

Að dreifa fæðingarorlofinu yfir lengri tíma var einmitt liður í því að reyna brúa bilið og 42% kvenna sem tóku þátt í megindlegu rannsókninni svöruðu að þær hefðu dreift fæðingarorlofinu yfir lengri tíma en einungis 16% karla.

Foreldrar töluðu oft um sameiginlegu mánuðina sem „mömmumánuði“ og að eftir sex mánuði þá þyrftu þau að leysa vandann (brúa gjána), mánuðirnir sem voru bundnir við pabbann voru ekki teknir með í reikninginn.

Selma: Ég hef alltaf átt við það að mér finnst fæðingarorlof og barnagæsla hérna á Íslandi vera til skammar, mér finnst það hræðilegt, ég meina fæðingarorlofið er mjög lélegt og bara ótrúlega stutt. Mér finnst það bara fáránlegt hvað það er stutt sko það er bara ef að maður horfir á sex mánaða gömul börn þetta er bara ekki neitt.

Flestar mæður vildu vera heima lengi, það var mikilvægt fyrir þær og þeim fannst það vera mikilvægt fyrir börnin. Brjóstagið var oft nefnd sem ástæða.

Mía: Ég hef haft þau öll á brjósti þannig að mér fannst bara hentugast að ég væri heima og sinni því, soldið erfitt fyrir hann að hoppa inni það og svo vildi ég bara vera líka vera í ár, mér fannst það bara gott bara fyrir þau líka að fá að vera með foreldrum sínum í ár mér finnst það bara mikilvægt.

Íslenska fæðingarorlofið er frekar stutt ef borið er saman við fæðingarorlof á hinum Norðurlöndunum. Stutt fæðingarorlof gerir það erfiðara fyrir foreldra að skipta

fæðingarorlofinu jafnt, því sú samfélagslega ímynd að móðirin sé mikilvægust fyrir börn fyrstu mánuðina er mjög sterk.

Allir þeir feður sem ég talaði við tóku eitthvert fæðingarorlof og öllum þótti sjálfsagt að feður tækju út fæðingarorlof.

Markús: Já en maður verður að taka finnst mér, maður á að taka fæðingarorlof.

Feðurnir voru hins vegar ekki eins lengi í fæðingarorlofi og mæðurnar og þeir tóku út fæðingarorlofið sitt á annan hátt, þeir tóku yfirleitt út eitthvert orlof í sambandi við fæðingu barnsins og svo lengdu þeir jóla- eða sumarfríð sitt, þeir skiptu yfirleitt orlofinu sínu upp í fleiri hluta og voru þá ekki einir heima með barninu, heldur var móðirin líka heima. En fjórir feður, næstum þriðjungur, voru einir heima með barninu sínu í einhvern tíma eftir að móðirin hafði snúið aftur til vinnu. Þennan tíma mátu þeir mjög mikils. Hjá þeim foreldrum þar sem faðirinn gat ekki verið einn heima með barninu nefndu þeir að þeir hefðu gjarnan viljað það, ef það hefði verið fjárhagslegur möguleiki.

Óli: Haha já ég hugsa stundum um það svona eftir á að ef að maður hefði haft hérna fjárhagslegt svigrúm eftir þetta ár sem að þú varst búin að taka þá hefði ég alveg verið til í að vera heima svona bara kannski einn með henni það hefði nefnilega verið mjög fínt.

En feðurnir þurftu ekki að vera jafn lengi og mæðurnar heima með börnunum sínum til þess að vera sáttir. Svona svaraði Óli þegar ég spurði hann hversu lengi hann hefði viljað vera einn í fæðingarorlofi.

Óli: Sko mánuður hefði verið allt í lagi það var bara þegar að þetta ár var liðið sem að Katrín var búin að vera heima þá var bara spariféð búin og svona svo að það var bara ekki möguleiki.

Þeir feður sem voru einir heima með barninu sínu upplifðu það sem mikilvægan tíma og þeir sem höfðu verið heima með einu barni en ekki öðru syrgðu það að hafa ekki getað verið heima með öllum börnunum sínum.

Áki: Algjörlega, ég saknaði þess virkilega. Þetta var rosaleg gaman þrátt fyrir að þetta væri ekkert auðvelt. Þegar ég var í þessu fæðingarorlofi með mið strákinn þá voru bara svona tengsl og svona þessi nærvera og sjá börnin og hvað þetta eru litlar manneskjur og maður svona já maður finnur hvað þetta er mikið kringum þetta.

Feður upplifðu þennan tíma sem jákvæðan fyrir tengsl sín við barnið, en það voru ekki bara tengslin við barnið sem foreldrar upplifðu sem jákvæða afleiðingu þess að faðirinn var einn heima með barninu í einhvern tíma.

Margrét: Og ég upplifði einmitt líka að því að maður er svona að hugsa þetta líka út frá... maður hugsar þetta annars vegar út frá barninu og að það fái tíma með báðum foreldrum en svo hugsar maður þetta líka út frá sínu eigin lífi og ég einmitt fann alveg mun á svona bara skiptingunni hjá okkur í hina daglega lífi og allt þetta þegar að sko við eignuðumst yngsta barnið og ég var heima í heilt ár á meðan að Áki var að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði aftur og ég fann alveg hvað þetta... kannski þú veist, ég meina þetta ekkert illa en þetta var samt svona skref til baka í öllu sem að við vorum búin að þróa okkur í samvinnu bara í heimilishaldinu og svona [...] að sjálfsögðu snýst þetta um að barnið fái að kynnast pabba sínum en það er bara svo ótrúlega skýrt í mínum huga að þetta hefur mikil áhrif á stöðu foreldra bæði gagnvart heimilishaldinu og bara stöðu og samspili foreldranna, það hefur bara ótrúlega mikið að segja að fæðingarorlof sé fyrir báða aðila.

Möguleiki til að deila umönnunarábyrgðinni jafnt er til staðar en það er sjaldan sem það er raunin. Samfélagslegar kröfur eru allt aðrar á mæður þegar kemur að foreldrahlutverkinu og vinnumarkaðurinn virðist frekar stýra ákvörðun feðra um hvernig og hvenær og hvort þeir taka fæðingarorlof.

Óli: Já þetta snerist soldið um vinnuna mína og það hentaði vinnunni minni að ég myndi taka þetta um sumarið.

Alma: Verkefnastaðan var bara þannig að hann átti ekki kost á því að taka samfleytt leyfi en þá sagði ég líka alltaf að til hvers að vera setja þennan rétt ef að menn geta svo ekki nýtt hann.

Mæður virðast vera bundnari heimilinu og feður bundnari vinnumarkaðnum, báðir foreldrar eru háflæstir en úr mismunandi áttum. Feður létu vinnuna oft stjórna því hvort, hvenær og hversu lengi þeir tækju fæðingarorlof en það gerði aðeins ein af þeim mæðrum sem ég talaði við en hún fékk nýtt starf í miðju fæðingarorlofi.

Feður virðast frekar vera ómissandi í vinnunni en mæður og feður taka ekki jafn stóra umönnunarábyrgð og mæður. Mæður aðlaga ekki bara fæðingarorlof sitt að þörfum fjölskyldunnar heldur líka tímann eftir fæðingarorlofið.

Ég: Ertu að leita að 100% starfi?

Sunna: Já eitthvað sem að hentar að ég geti sótt barnið á leikskólann og svo er ég að fara í fjarnám með.

Mæðurnar tala líka um umönnunargjána sem þeirra ábyrgð eða ábyrgð mæðra.

Mía: Það eru bara alls ekkert allar konur sem að geta farið með börnin sín til dagmömmu bara af því að það er svo dýrt.

Feður eru „frjálsari“ gagnvart umönnunarábyrgð en mæður og foreldrahlutverkið hefur meiri áhrif á atvinnuþátttöku mæðra en feðra. Það voru ekki aðeins mun fleiri mæður en feður sem dreifðu fæðingarorlofinu sínu yfir lengri tíma til þess að brúa bilið. Konurnar lækkuðu líka oftast starfshlutfall sitt. Í megindelegu athuguninni sögðust 21% kvenna hafa lækkað starfshlutfall sitt til þess að reyna að brúa gjána en aðeins 9% karla.

Mæðurnar virtust líka þjást af samviskubiti ef þær voru að eigin mati ekki nógu mikið með börnunum sínum.

Selma: Þú veist, líka af því að ég vinn alveg sex kvöld í viku, þannig að mér finnst ég aldrei vera heima og ég hef kannski enn þá meira samviskubit gagnvart honum (sonurinn) af því að hann er á leikskólanum á daginn en ég hef hana hjá mér þá, en ég er farin að gera það undanfarið að ég er farin að taka því rólega á morgnana, ég er ekkert að drífa hann í leikskólann, við komum oft svona klukkutíma, einum og hálfum, of seint og svo sæki ég hann kannski fyrr á daginn, þá líður mér aðeins betur ég held að hann sé hættur að taka eftir þessu eiginlega.

Enginn faðir talaði um að hafa samviskubit gagnvart umönnun barna sinna, þrátt fyrir að þeir unnu oft langa daga og tóku mun styttra fæðingarorlof. Samfélagslegar kröfur á foreldrahlutverk þeirra eru allt aðrar en samfélagslegar kröfur á móðurhlutverkið. Hvað sé ábyrgðarfullt foreldri getur tekið á sig ólíka birtingarmynd eftir því hvort foreldrið er mamma eða pabbi. Hvorki konur né karlar skapa foreldrahlutverk sitt í tómarúmi og foreldrahlutverkið mótast alltaf í samspili við samfélagslegar myndir af því hvernig mamma og pabbi eiga að vera.

Umönnun að loknu fæðingarorlofi

Meirihluti þeirra foreldra sem ég ræddi við, notuðu dagforeldra til þess að reyna brúa gjána og 53% aðspurða í spurningakönnuninni svöruðu að þeir hefðu notað dagforeldra sem lið í því að reyna brúa gjána. Það voru mismunandi skoðanir meðal viðmælanda á því hvers konar

umönnun ætti að taka við að fæðingarorlofi loknu. Sumir hefðu viljað að börnin gætu byrjað strax í leikskóla á meðan aðrir sáu dagforeldra sem gott millistig.

Margrét: En ég veit ekki, það er alltaf samt eitthvað svona smá í mér að þau séu svona inná heimili það er eitthvað sem að mér finnst svona eðlilegra fyrir þau þegar þau eru svona lítil heldur en að þau séu á svona smábarnaleikskóla þannig að alveg burtséð frá hvort að það sé skynsamlegt eða eitthvað þannig lagað þá er það bara einhver tilfinning sem að ég hef bara mér finnst það einhvern veginn betra fyrir barnið að það sé hjá einhverri einni inná einhverju heimili þar sem að eru bara fimm börn.

Hanna: Ég hef mikla trú á leikskólum, ég hef unnið sjálf á leikskólum og hef bara þá trú að leikskólar séu svona það besta ef að maður ætlar að vera útvinnandi foreldri og það ætti bara að vera í boði að vera með barnið á leikskóla þegar að maður hættir í fæðingarorlofi það er svona eðlilegasta lausnin.

Soffía: Já en auðvitað er þetta fáránlegt system, þú setur ómálga börn til fólks, ómenntaðs fólks í þessu og jafnvel bara ein manneskja, þú veist, þetta er alveg fáránlegt system.

Jafnvel þó það væru skiptar skoðanir á því hvort börnin ættu að fara beint á leikskóla eftir fæðingarorlof eða byrja fyrst hjá dagforeldrum, þá vildu allir foreldrar fá pláss í leikskóla eins fljótt og mögulegt var.

Alexander: Það var einmitt eitt af því sem að við höfðum í huga þegar að við fengum loks leikskólapláss. Þá fengum við leikskólpláss á leikskóla sem að var nú ekki í fyrsta sæti hjá okkur en við máttum það sem svo að það væri í rauninni skynsamlegra að stökkva á þetta pláss bara uppá í rauninni að hún að einmitt hún fengi einhverja skipulagða kennslu í kringum sig því að annars hefði hún bara verið í geymslu í nokkra mánuði í viðbót með fullri virðingu fyrir einmitt þessari dagmömmu.

Foreldrar voru stundum alls ekkert spenntir fyrir því að senda börnin sín til dagforeldrar og höfðu stundum heyrt ýmsar misgóðar sögur.

Selma: Mér finnst bara líka svona sko með leikskóla þá veistu í hvað þú ert að fara en ég þekki til dæmis alveg rosalega marga sem að hafa lent í slæmum dagmömmum.

Flestir voru hinsvegar mjög ánægðir með þá dagforeldra sem börnin þeirra höfðu verið hjá.

Hanna: Við, ég var ekkert sérstaklega sátt við að senda hana til dagmömmu þegar það skeði en svo eftir á að hyggja þá var ég mjög ánægð með það og á meðan að á því stóð

Því að hún var hjá alveg yndislegri konu sko og við vorum að mínu mati mjög heppin með dagmömmu.

Stærsti gallinn við að hafa barnið sitt hjá dagforeldri töldu foreldrarnir vera kostnaðinn en einnig hversu erfitt það er að fá pláss hjá dagforeldrum á öðrum tíma en á haustin.

Magnea: Ja við vorum mjög ánægð með dagmæðurnar, það er bara peningurinn sem að sviður en reynslan af dagmömmunum var bara fín við vorum bara mjög sátt með það.

Hanna: Stærsti gallinn við þetta er náttúrulega að dagmömmurnar... þú átt eiginlega að eiga barn þannig að það verði orðið eins gamalt og þú vilt hafa það þegar það byrjar hjá dagmömmu í ágúst hvort sem þú vilt að það sé eins árs eða níu mánaða svo er bara misjafnt hvað þær taka ung börn, sumar taka ekkert yngstu börnin þannig að ég veit ekki hvernig mæður sem að geta bara tekið sex mánuði, jafnvel einstæðar eða eitthvað, ég veit ekki hvað þær gera við börnin sín þegar að þau eru orðin sex mánaða.

Foreldrum fannst of snemmt að senda barnið til dagforeldra sex eða níu mánaða gamalt jafnvel þótt þau hefðu sjálf gert það. Þá upplifðu foreldrar yfirleitt að það hefði ekki verið mikið mál fyrir barnið þeirra en að það væri of ungt fyrir börn.

Jafnréttisorðræðan

Jafnvel þótt móðirin hefði tekið á sig stærstu umönnunarábyrgðina, og pörunum oft fundist sjálfsagt að hún gerði það, þá var það mikilvægt fyrir pörin að vera jafnréttissinnuð og þau tóku oft fram að þau skiptu heimilisstörfunum jafnt á milli sín og að það ríkti jafnræði á heimilinu.

Katrín: Nei við hérna erum mjög jafnréttissinnuð á þessu heimili og skiptum jafnt á milli okkar. Óli gerir nú stundum bara meira en ég ef eitthvað er.

Magnea: Það er gott jafnvægi í þessu, við svona vinnum í þessu saman.

Björn: Þetta er svona tiltölulega jafnt hjá okkur, ég hef nú ekkert almennilega greint hver gerir hvað.

Jafnréttisorðræðan er mjög sterk og það er mikilvægt fyrir pörin að vera jafnréttissinnuð, en pörin sjá ekki ójöfnu skiptingu umönnunarábyrgðarinnar sem misvægi. Þegar pörin skiptu umönnunarábyrgðinni ekki jafnt á milli sín þá litu þau á það sem sitt val, en ekki að það hafi verið vegna þess að þau eru mamma og pabbi og að samfélagið ætlist ekki til þess sama af

þeim. Þegar talið barst að skiptingu fæðingarorlofsins þá fannst þörunum oft sjálfsagt að móðirin tæki stærsta hlutann.

Siggi: Það er líka ef fæðingarorlofið á að vera meira þá binda það við móðurina.

Alexander: Mér finnst að fæðingarorlofið eigi alla veganna að vera ár fyrir móður alla veganna eða hvað? Mér finnst það.

Það er ekki ætlast til hins sama af mömmum og pöbbum, og báðum foreldrum fannst lang mikilvægast að móðirin væri heima lengur og brjóstgjöfin var oft nefnd sem ástæða. Hér ræða Mía og Atli hversu langt þeim finnst að fæðingarorlofið eigi að vera:

Atli: Jájá ég hef alla veganna skilning á því að það er í rauninni ekkert jafnræði í því að þetta séu 3,3,3 því að þessir sameiginlegu mánuðir það er lang oftast konan sem að tekur þá því að það kemur betur út yfirleitt fjárhagslega þannig að það er í rauninni skynsamlegra þannig lagað. Ef að það væru bara 6 mánuðir fyrir annað og 6 mánuðir fyrir hitt, það væri náttúrulega frábært líka ef að þetta gæti bara verið lengra ég er alveg sammála því.

Mía: Ég veit samt ekki hvort að ég gæti farið eftir 6 mánuði og skilið þig eftir.

Atli: NEIHEI!

Mía: Nei ekki af því að ég treysti þér ekki en ég var með börnin á brjósti þangað til að þau voru, miðju barnið var 14 mánaða þegar að hún hætti ég meina þau eru bara enn þá það háð mömmunni 6 mánaða að það er bara, sérstaklega ef að það er brjóstgjöf þá geta þau ekkert finnst mér farið strax eitthvert annað. Hvort sem að það er pabbinn eða einhver annar svo eru náttúrulega margir sem að hætta bara 6 mánaða já ég veit það ekki.

Fjárhagurinn

Foreldrar töluðu um að fjárhagurinn hefði skipt máli uppá hvernig þau brúðu gjána og hvernig þau skiptu fæðingarorlofinu. Það var aldrei nein spurning hvort mamman gæti verið heima þegar kom að skiptingu fæðingarorlofsins. Spurningin snerist um hversu lengi hún gæti verið heima. Þegar kom að pabbanum þá snerist spurningin hins vegar um hvort pabbinn gæti verið heima. Nokkrir feður nefndu að lækkun þaksins, þaks á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði, hefði haft áhrif á möguleika þeirra til þess að taka út fæðingarorlofið.

Alexander: Eins sorglegt og það er þá held ég að það sé lækkunin sem er að fæla kallana frá því að það er bara eins og hefur komið fram oft í fjölmiðlum þá er launamunur enn þá á kynjunum talsverður, meira að segja meiri heldur en var þrátt fyrir allt og það er þá bara þessi blákalda staðreynd og þeir komast líka frekar upp með það, eins og ég segi út af þessu líffræðilega sko.

Fleiri karlar en konur eru með tekjur sem fara yfir greiðslupakið svo lækkunin hefur meiri áhrif á karla sem hóp en konur. En það er líka ljóst að oft reikna foreldrar bara með því að það borgi sig síður að faðirinn sé heima vegna þess að það er sú orðræða sem ríkir í samfélaginu. Það er ekki bara fjárhagurinn sem stýrir, hugmynd foreldra um foreldrahlutverkið stjórnar líka og það er mikilvægara fyrir foreldra að mamman geti verið heima lengi með barninu eins og umræða Katrínar og Óla sýnir hér:

Ég: Þegar þið voruð að ákveða hvernig þið ætluðu að haga fæðingarorlofinu og hvernig þið ætluðu að brúa bilið hvaða þættir spiluðu mest inni?

Katrín: Það var í rauninni bara fjárhagur.

Óli: Já.

Katrín: Bara hvort er með hærri laun, það var bara ósköp einfalt.

Óli: Já það verður einhvern veginn bara þannig.

Katrín: En að sama skapi verð ég að viðurkenna að ég einhvern veginn... ég vildi samt vera meira þú veist heima það var alveg líka ég held að ég gæti aldrei verið bara í þrjá mánuði þú veist að vera með barn sem að er enn þá á brjósti og eitthvað bara „hey hérna taktu hana bara og gefðu henni pela“ þótt að það sé alveg möguleiki líka og við höfum alveg gert það líka þá myndi ég aldrei geta gert það allan daginn sko. Það er bara allt annað að skreppa eitthvað til þess að fá tíma fyrir sjálfan sig. Mér finnst það bara einhvern veginn ef að maður er að þessu á annað borð þá bara er maður bara með barnið þannig upplifði ég það alla veganna bara uppá mig.

Hugmyndin um þörf barna fyrir móður sína ríkir sterkt. Fjárhagurinn hindrar bara pabbann í því að vera heima en ekki mömmuna, en þó kom það fyrir að fjárhagurinn hindraði mömmuna í því að vera eins lengi heima og hún vildi. Fjárhagserfiðleikar foreldra eru til staðar og stundum höfðu foreldrar ekki efni á dagforeldrum, en þá var mamman heima.

Anna: Já það tók því eiginlega ekki að fara með þau bæði til dagmömmu til að ég gæti unnið og átt 10 þúsund krónur afgang.

Selma: Nei ég er heima með hana á daginn og vinn á kvöldin og hann vinnur á daginn, og það skarast á þarna tveir, þrír tímar á hverjum degi og þá fara þau í pössun á hverjum degi annað hvort til foreldra minna eða foreldra hans þannig að þetta er rosalega mikið þúsl.

Umönnunargjáin hafði neikvæð áhrif á fjárhaginn hjá öllum, en áhrifin voru mismunandi. Sumir kláruðu spariféð sitt á meðan aðrir söfnuðu skuldum.

Margrét: Það hafði náttúrulega soldið neikvæð áhrif á fjárhaginn það er náttúrulega sko safnaði upp hérna skuld sko.

Stundum neyddust foreldrar líka til þess að gera hluti sem þau í raun og veru vildu ekki eins og að senda barnið í leikskóla, sem þau voru ekki spennt fyrir.

Óli: Já það var eiginlega bara útaf svona peningalega það var ódýrara að hafa hana þar heldur en áfram hjá dagmömmu og það var nú soldið erfið ákvörðun að gera það.

Einstæðar mæður

Umönnunarbilið er sérstaklega erfitt fyrir einstæðar mæður, það er erfitt að dreifa fæðingarorlofinu yfir lengri tíma en sex mánuði með einar tekjur og það er dýrt að senda barnið til dagforeldra. Umönnunarbilið hafði verið mjög erfiður tími fyrir þær einstæðu mæður sem ég talaði við.

Gunnhildur: Ef að ég hefði ekki átt heima hjá mömmu þá hefði þetta aldrei gengið þá hefði ég þurft að byrja að vinna þegar hann var sex mánaða.

Lísa: Það var bara svo rándýrt að vera með hann hjá dagmömmu ég var að borga um... sem sagt sjálf var ég að borga eitthvað um 50 þúsund, þannig að ég fór bara og hringdi á milli leikskóla og það losnaði akkúrat pláss þarna þannig að ég bara skellti honum þangað.

Áhrif umönnunargjárinnar á einstæða foreldra þarfnast ýtarlegri rannsóknar.

Þetta reddast!

Þrátt fyrir að foreldrar upplifðu umönnunargjána sem erfiðan tíma, þá voru fáir sem vildu meina að það hefði neikvæð áhrif á fjölgun Íslendinga.

Soffía: Eh skiptir engu máli Íslendingar eru barneignasjúkir, það reddast, það er alltaf þetta ég held að þetta skipti engu máli ég meina um leið og kreppan skall á þá fóru allir

að eignast börn ég missti vinnuna og þá bara „hey eigum við ekki að eignast börn?“ klickað.

Margrét: Við náttúrulega erum með þetta hugarfar einhvern veginn að þetta reddast og hérna... ég held að sem betur fer þá held ég að við sko, þróunin þú veist þá er börnum þá erum við kannski ekki í einhverju svona brjálaðislegri ungun eins og við vorum. Þetta er ekkert samt í líkingu við það sem að er að gerast í Mið-Evrópu eða neitt þannig... ég hugsa ekki sem kona ehh ef ég eignast 3 börn þá kannski minnka líkurnar á frama á vinnumarkaðnum um 70% sem betur fer.

Þó að nokkrir teldu að það hefði einhver neikvæð áhrif á aðra þá sögðu þau að það myndi samt ekki hafa áhrif á þau.

Markús: Fólki verður bara að vinna myrkranna á milli til þess að ná bara endum saman í dag, bara alls ekki hvetjandi [...] en við eigum eftir að koma með eitt.

Niðurstöður

Þrískipting fæðingarorlofsins hefur haft jákvæð áhrif á umönnunarpátttöku feðra. Feður taka mun oftar og lengra fæðingarorlof núna en þeir gerðu fyrir breytingu og það hefur jákvæð áhrif á stöðu kynjanna bæði á heimilinu og á vinnumarkaðnum þegar báðir foreldrar hverfa frá vinnumarkaðnum til þess að annast börn sín. En umönnunargjain dregur úr þessum áhrifum vegna þess að konur dveljast mun lengur heima en karlar. Það hefur ekki sömu áhrif á atvinnupátttöku einstaklingsins að verða móðir eða að verða faðir. Bæði eru hálflest en úr sitthvorri áttinni, móðirin af móðurhlutverkinu og faðirinn af vinnumarkaðinum. En það eru ekki bara praktískar hindranir sem standa í vegi fyrir foreldrum. Samfélagslegar hugmyndir foreldra um móður- og föðurhlutverkið hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta umönnun barna.

Þó að foreldrum hafi yfirleitt þótt mjög mikilvægt að vera jafnréttissinnuð þá virtust þau ekki sjá ójöfnu skiptinguna á umönnuninni sem misvægi, það er eins og móðurhlutverkið standi fyrir utan jafnréttisumræðuna.

Foreldrum þótti ekki alltaf dagforeldrar vera spennandi kostur og það er dýrt að senda barnið til dagforeldra og ekki allir sem hafa efni á því.

Umönnunarbilið er erfiður tími fyrir alla, þótt að það „reddist“. Fæðingarorlofið hefur haft jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna bæði innan heimilisins og á vinnumarkaðnum. Ef fæðingarorlofið yrði lengt þá myndi það vonandi hafa enn jákvæðari áhrif, en það er mikilvægt að samfélagið komi til móts við foreldra með því að tryggja þeim leikskólaláss eða aðra umönnun, sem foreldrar hafa efni á, að loknu fæðingarorlofi. Margt hefur breyst, með tilkomu þrískipts fæðingarorlofs en það þýðir ekki það sama að verða móðir og að verða faðir í dag, foreldrar mæta mismunandi kröfum út frá kyni.

Heimildarskrá

Eydal, G. B. (2008). Policies promoting care from both parents- the case of Iceland. Eydal, G. B. og Gíslason I. V. ritstýrðu, *Equal rights to earn and care- parental leave in Iceland*. (s. 111-143). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gíslason, I. V. (2010). "Inledning". Gíslason, I. V. & Eydal, G. B. ritstýrðu, *Föräldraledighet, omsorgspolitik och jämställdhet i Norden*. (s. 11-61). Köbenhavn: Nordiska ministerrådet.

Gíslason, I. V. & Holter, Ø. G. (2007). Valfärdsstat i könsklämna: kön, ekonomi och livskvalitet. Holter Ø. G. ritstýrði, *Män i rörelse. Jämställdhet, förändring och social innovation i Norden*. (s. 22-61). Riga: Gidlunds förlag.

Hagstofa Íslands. Börn í leikskólum. (10.05.2013). Sótt af vef:

<http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01101%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri%2C+kyni+og+landsv%E6%F0um+1998%2D2011++%26path=./Database/skolamal/lsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi/hlutfall>

Nordisk statistisk årsbok 2012. (04.01.2013). Sótt af vef:

<http://www.norden.org/sv/publikationer/publikationer/2012-001>

Lög nr. 95/2000 um fæðingar og foreldraorlof

The global gender gap 2013. The World Economic Forum. (20.11.2013). Sótt af vef:

<http://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2013>